

Skógarvörðurinn á Norðurlandi,  
-----

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1942.  
-----

Einar G. E. Sæmundsen.  
-----

## Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1942.

---

### Skógarhögg:

---

Í Vaglaskógi var alls höggvið á árinu:

Til eldiviðar ( og reykviðar )	927	hestburðir
Staurar 2134 stk.	42	"
Renglur 1730 -	17	"
Efniviður 2691 fet	26	"
Samtals	1012	hestburðir

Höggvið var í Stórahvammi, Góðulág, ofan við Kumblaflöt ( eða Kuflaflöt ) (Þríhyrnan milli vega ), og út með Neðri-braut utan Kumblaflatar. Ölla hafa þessi svæði verið grisjuð áður, og sum þeirra margoft. Var hér haldið sömu stefnu sem tekin var í fyrra, þ. e. tekið hvert tré sem eitthvað sér á, eða laufgar lítið, varð því allgisið á köflum, en nýgræðingur býtur nú svo upp með hverju ári sem líður, að öllum þessum svæðum má heita borgið.

Grisjað var meðfram Efri-braut, utan frá girðingu og suður miðja vegu að Kúalág ( allt ofan vegar ). Er þar á köflum all samilegur skógur. Þá var og grisjað svæðið milli Eyrarflatar og HúsaKágar, þar er skógur heldur lélegur, gisinn og kræklóttur, en ungvíðið snoturt. Út með aðalvegi sunnan frá Botnlág út að Merkgigili var grisjaður ungskógur. Var hann á parti sérstaklega fallegur. Fengust úr því stykki ótrúlega margir staurar og góðir, þótt einungis væri höggvið það eitt sem nauðsynlega þurfti að hverfa. Neðan og utan Síamannabústaðar var hafin grisjun á líkum skógi en henni ekki lokið.

Í Sigríðarstaðaskógi var höggvið:

Til eldiviðar	200	hestburðir
- kolagerðar	450	"
Staurar 166 stk. renglur 70 st.	3	"
Efniviður 300 fet	8	"
Samtals	661	hestburður

Eldiviðurinn var að mestu höggvinn í áður ágrisjuðu stykki norðan og ofan við Kofatóftinnar, var þar mjög fúinn skógur og illa farinn. Var þar aðeins tekið það sem að falli varð komið. Nýgræðingvantar þarna að mestu ennþá. Til kolagerðar var höggvið upp á hjöllunum í áframhaldi af grisjun síðasta árs. Er skógur þar heldur lágvaxinn en þó dágóður á köflum.

### Kolagerð:

Kolagerð fór fram í Sigríðarstaðaskógi. Var gert til kola í allt í 20 ofna og fékkst úr þeim 3981 kg. viðarkol. Um 15 tonn af víði ( aflimaður en ókurlaður ) liggja við væntanleg ofnstæði. Magn það nægir í lo ofnbrennslur. Verður því strax hafist handa um kolagerð er vorar.

## V e g i r o g g i r ð i n g a r :

-----

Skemmdir á girðingum skógræktarinnar voru með minnsta móti veturinn '41-'42 og því lítið um viðgerðir.

Ný girðing var sett upp, utan um Skuggabjargaskóg - utan bæjar-. Er hún um 3500 m. Ekki varð þó fulllokið við þessa girðingu sakir vöntunar á vinnuafli.

Leiðbeiningarspjald á Kuflafleti var eyðilagt með skothríð í marz. Voru þar að verki norskir hermenn á skiðum. Ekki var þó tekin til greina skaðabótakrafa, sem gerð var á hendur hernum.

Vegum var haldið við en lítið blett við.

## G r æ ð i r e i t u r :

-----

Plöntur voru afhentar úr reitnum:

birki	10.251 stk.
reynir	803 -
fura	1.025 -
aspir	4 -
Alls	<u>12.083</u> stk.
Víðistiklingar	12.340 -

Sáð var:

birki	í	120	fermetra
sitkagrenisfræi	í	75	"
revniberjum	í	50	" ( haustið '42 ).

Einnig var sáð lítilsháttar af fræi af lerki, fjallafuru og hvítoreni ( mest frá Grund í Eyjafirði ). Af því spíraði aðeins furan. Einnig var sáð litlu einu af gömlu norsku rauðgrenifræi, sem spíraði sæmilega.

Birkifræið var aðallega úr Bæjarstaðaskógi ( ca. 9 kg. ), og spíraði það mjög vel en annað síður. Því var ekki sáð öllu samtímis og býst ég við að misgæði spírunarinnar séu veðurfarinu að kenna. Aðallega var skyggt yfir með striga og gaf það góða raun. Bestur árangur varð þó í beði sem þakið var yfir með mosalagi ( þunnu ). Var hann tekinn ofan af þegar kimböðin komu í ljós en þá skyggt með grindum. En sá galli fylgdi mosanum, að grasvöxtur var mjög þrálátur og munu fræin hafa borist með honum ( mosanum ).

Sitkagrenifræið spíraði mjög vel, en vanhöld urðu mikil vegna óvenjulegrar ásökni fugla ( auðnutitlingur ). Varð þó bráðlega séð við þeim vargi og er sumt í beðunum með ágætum. Strigi var einnig notaður við skyggingu.

Reyniberjum ( frá Múlakoti ) var sáð í nóvember. Varð músar vart á eftir og má því gera ráð fyrir vanhöldum við spírunina.

Dreifplantað var:

birki	34.000 stk.
reyniviður	<u>5.000</u> - 39.000 stk.

Birkið var mestmegnis tekið utan úr skógi og var sumt af því mjög lélegt til dreifplöntunar en á öðru var ekki völ. Vanhöld urðu því nokkuð mikil strax á þessu fyrsta sumri.

Reyniviðurinn var allur úr fræbeði, og fór honum mjög vel fram í sumar. Um 1200 stk. voru fengin sunnan frá Múlakoti haustið áður, og geymd í frosti, í geymslunni, yfir veturinn, og fóru vel með sig þar.

Þá voru settir niður nokkur hundruð stiklingar af fagurvíði og þingvíði. Þeir voru frá Reykjavík, en lentu í skipsstrandi suður í Hornafirði og voru því orðnir mjög þurrir, er þeir loks komu. Þó festu nokkrir þeirra ratur.

Um 1000 ribsstiklingar voru settir niður og döfnuðu þeir samilega.

Aspir voru teknar suður á Grund og út í Garði í Fnjóskadal, og gróðursettar í reitnum.

Unnið var áfram að stækkun græðireitsins og var hluti af nýbrotnu landi tekið til dreifplöntunar.

#### G r ó ð u r s e t n i n g :

Um 900 furur voru gróðursettar í Góðulág. Furan ( skógarfura ) er upp af fræi frá Målselven, N.-Noregi, sáð hér í reitinn 1937 en dreifplantað vorið 1940.

#### B y g g i n g a r :

Innréttað var eitt herbergi undir súð, í þeim hluta íbúðarhússins sem byggður var 1940. Málað var nokkuð innanhúss, svo og þök og hurðir á íbúðarhúsi, fjósi og hlöðu.

Sett var upp vindrafstöð ( kostuð af skógarverði ).

#### F e r ð a l ö g :

Í byrjun septembermánaðar fór ég í eftirlitsferð um skóga Fnjóskadals sunnan Vagla. Leist mér meðferð þeirra yfirleitt sæmileg. Er grísjun mjög að færast í það horf að hlífa nýgræðingnum, en á því vildi helst verða misbrestur áður.

Almennt er talið að skógum fari mjög fram þar syðra og sérstaklega breiðast þeir ört út um Bleiksmýrardal. Hefir þar orðið mikil breyting síðustu 30 - 40 ár, að sögn kunnugra. Enda hefir verið mjög sorfið að skógargróðri þar, meðan sauðir voru enn hafðir, en þeir gengu þar af sjálfala í bestu vetrum. Reykjaskógur heitir vestan Fnjóskár en Tunguskógur austan, tekur hann við handan árinna er Reykjaskógur brýtur. eru þeir báðir mjög þroskavenlegir og í hraðri "sókn" bæði út og suður.

Tunguskógur náði allmikið lengra norður á bóginn um 1840. Þá voru hafðar geitur í kofa undan svonefndum Selhjalla og var þá svo mikill skógur á hjallanum að þær hurfu í hann. En nú er þar skóglaut með öllu og berar skriður hiðneðra. En sem betur fer er skógurinn á

hraðri leið norður. Tunguöxlin að vestanverðu er nú að mestu blásin grjót og melar, þar var áður skógar og kjarrlendi og gott til beitar, leifar þess eru í austanverðri öxlinni þar sem nú er að koma upp skógarteigur. Sást þar lítill vottur skógargróðurs um síðustu aldamót, en síðan hefir tagnað mjög úr honum.

Sörlastaða- Bakkasels og Bakkaskógar eru mun síðri en fyrrnefndir skógar sakir snjóþyngsla og snjóflóða.

Viðirinn sem frægur er á Sörlastöðum, er nú að mestu úr sögunni. Að vísu er viðáttumikið svæði vaxið kjarri en þar ber þó mest á feyskjum og kalvið. Er einna líkast því sem mögnuð þest eða maðkur hafi komið upp í honum, svo mjög hefir hann eyðst.

Á öldinni sem leið, meðan kolagerð var enn í algleymingi, var mjög gert til kola í Sörlastaðaviði, og er til marks um það eftirfarandi:

Um miðja síðustu öld var tvíþýli á Sörlastöðum og voru bændurnir báðir hagleiks menn miklir, er þurftu mjög á kolum að halda við smíðar sínar. Höfðu þeir leyfi umboðsmanns að gera til kola 20 tunnur á ári ( jörðin var konungseign ), en það næði þeim hvergi. Herma munnmæli þar syðra að þeir hafi gert til kola þar 100 tunnur á ári. Stunduðu þeir kolagerðina af miklu kappi er þokur voru, til þess að síður sæist til þeirra. Grófu þeir síðan kolin í jörðu, svo umboðsmaður yrði einskis var, en náðu svo til þeirra á vetrum.

Ein tunna af kolum var talinn einn hestburður. En til þess að fá eina tunnu af kolum þarf hráviði sem er a. m. k. sjö sinnum þyngri. Hefir því þurft að fella um 700 hestburði viðar til að fá þessar 100 tunnur, og er það geysilegt magn af ekki störra svæði, en því er Sörlastaðaviðir hefir náð yfir.

Frá Belgsá er svo til samfelt skógarflæmi norður undir Lund, og eru það Belgsár- Þórðarstaða og Lundsskógar. Eru þeir allir mjög venir og í örum vexti.

Á flestum þejum vestan Fnjóskár má finna birkigróður, sem stöðugt verður fyrir biti og nær því engum þvaska. Á Hróarsstöðum var túnið girt 1836. Náði girðingin töluvert niður fyrir túnið, þannig að dálítil landsspilda friðaðist neðan túnsins. Þarna hefir, á sex árum, þotið upp bjarkagróður, beinvaxinn og þróttmikill, án þess að nokkuð væri gert fyrir hann annað en girðingin, er þó sú vörn ekki einhlýtt, því kindur slæðast þangað af túninu haust og vor. Er það þó vonum minna sem bitið er, enda mun þess gætt eftir fönnum að skepnur nái ekki þangað. Þessi litli skógarjaðar sem er að koma upp innan túngirðingarinnar á Hróarsstöðum bendir manni glögglega á hve ótúlega auðvelt er að fá upp skógargróður hér í dalnum. Það eina sem þarf til þess, og sem á ríður, er girðing.

Í júlí fór ég með skógræktarstjóra um Fremstafellsskóg og Fossselsgirðingu. Einnig í girðingarnar að Fjalli í Aðaldal og Brekknakoti í Reykjahverfi. Komið var við á Húsavík, Hveravöllum, Brúum, Fagranesi, Einarssstöðum og Halldórsstöðum í Reykjadal. Einnig skoðaði skógræktarstjóri bjarkargróður í mýri í Rauðárlandi, rétt við þjóðveginn.

Síðast í september fór ég vestur að Skriðu í Hörgárdal. Tók bóndi vel þeirri málaleitan minni, að láta skógræktina framvegis fá reyniber af stóru trjánum þar. Þá kom ég við á Auðbrekku til Önnu Einarssdóttir, húsfreyju þar, sem mjög hefir unnið að trjárækt þar heima. Veldur það henni miklum erriðleikum, hversu girðingar eru lélegar umhverfis reitina, og þyrfti nauðsynlega að hjálpa þar upp

á sakirnar. Í þessari ferð kom ég líka við á Vöglum á Þelamörk, og hitti þar eftirlitsmanninn, Karl Hallgrímsson. Mjög hefir bor-  
ið á átroðningi hermanna í reitinn, en herbúðir eru þar skammt  
undan, Kanínur hafa einnig valdið þar spjöllum.

Auk þessara ferða fór ég margar ferðir í Sigríðarstaðaskóg  
og Mela og Skuggabjargaskóga. Einnig þrúvegis að Grund í Eyjafirði,  
safnaði þar fræi í marz, tók apparplöntur í maí og grisjaði furuna  
í desember.

Þá eru ótáldar margar ferðir til Akureyrar á árinu, í ýmsum  
erindagerðum.

Vöglum 10/2 '43.

Einar G. E. Sæmundsen,

- skógarvörður -